

Skák er skemmtileg

Fréttaskeyti Skákakademiunnar 1. tölublað 2. árgangur 11. janúar 2013



Frá Skákdeginum 2012 – fjöltefli Björns Þorfinnssonar í Steinapottinum í Laugardalslaug.

Meðal efni blaðsins:

- Viðburðir á Skákdaginn
- Viðtal við Einar S. Einarsson
- Ný kennsluhefti frá Krakkaskák
- Björn Þorfinnsson í just checking

Viðburðir á Skákdaginn

Skákdagurinn verður haldinn hátíðlegur laugardaginn 26. janúar á afmælisdegi Friðriks Ólafssonar. Skákdagurinn verður nú haldinn í annað sinn. Taflfélög, fyrirtæki, stofnanir, skólar og einstaklingar eru hvött til skákviðburðahalds þennan merka dag. Vegna þess að daginn ber upp á laugardag munu margir skólar hita upp með skákviðburðum í vikunni á undan. Hér fyrir neðan má sjá nokkra staðfesta viðburði og þá einstaklinga sem eru í forsvari fyrir viðburðina. Tilkynningar um viðburði sendist til Stefáns Bergssonar verkefnisstjóra dagsins í stefan@skakakademia.is.

Skákkóngur Friðriks II í Gallerí Skák. Einar S. Einarsson.

Fjöltefli í Selásskóla. Björn Ívar Karlsson.

Fjöltefli í Grandaskóla. Björn Ívar Karlsson.

Skákmót í Klébergsskóla. Björn Ívar Karlsson.

Sveitakeppni skóla á suðurlandi. Magnús Matthíasson.

Fjársöfnun Goðans-Máta fyrir Velferðasjóð Þingeyinga. Hermann Aðalsteinsson.

Ungir skákmenn frá Kópavogi sækja æsku Skákfélags Akureyrar heim. Helgi Ólafsson og Áskell Örn Kárason.

Áttatíu nemendur Laugalækjarskóla tefla leifturskákir í hundraðatali. Svavar Viktorsson.

Litla Friðriksmótið haldið í Lágafellsskóla Mosfellsbæ. Ingibjörg Rósa Ívarsdóttir.

Héraðsmót UMSB í hraðskák. Bjarni Sæmundsson.

Skákgleði í Grímsey. Hrafn Jökulsson.

10. bekkingar í Grunnskólanum á Patreksfirði vígja nýtt útitafl sem þeir hafa hannað og smíðað. Áróra Hrönn Skúladóttir.

Viðtal við Einar S. Einarsson



Einar S. Einarsson þarf vart að kynna fyrir neinum. Hann hefur verið í eldlínunni í áratugi, eitt sinn forseti Skáksambandsins og sinnt fjölmörgum öðrum embættum og störfum. Í dag er hann einn helsti foringi heldri skákmanna en skákstarfið meðal heldri borgara á höfuðborgarsvæðinu er gríðarlega öflugt. Einar svaraði nokkrum spurningum fyrir Fréttaskeytið og í svörum hans kemur margt fróðlegt í ljós.

Segðu mér aðeins frá upphafi þínu í skákhreyfingunni:

Áhugi minn á skák kviknaði þegar ég var unglingur vestur á Ísafirði, þegar Friðrik Ólafsson var að slá í gegn upp úr 1950, en ég byrjaði ekki að tefla að ráði fyrr en um tvítugt. Var formaður Taflfélags Ísafjarðar um tíma eða þar til ég fluttist alfarinn suður 1962. Tefldi þá stundum í kunningjahópi og með brottfluttum Ísfirðingum; Högna Torfasyni, Guðfinni R. Kjartanssyni og fleirum, en þó mest lítið. Vorið 1975 leitaði Guðfinnur sem þá var formaður TR til mín og bað mig um að gefa kost á mér í stjórn Skáksambands Íslands sem gjaldkeri, þar þyrfti að taka til hendi. Í framhaldi þar af var efnt til 50 ára afmælishappdrættis þess með eitt af einvígisborðunum sem aðalvinning til að freista þess að endurreisa fjárhaginn sem tókst bærilega, enda gengu fæstir vinningana út og voru síðar seldir. Ári síðar tók ég svo við sem forseti af Gunnari Gunnarssyni og gegndi því embætti í fjögur ár 1976-80 eða þar til ég var felldur eftirminnilega. Það munaði aðeins einu atkvæði á mér og Dr. Ingimar Jónssyni, varaforseta, í hallarbyltingunni sem þá var gerð.

Hver voru stærstu verkefnin meðan þú varst hvað mest í eldlínunni?

Það er vissulega margs að minnast frá þessum tíma og síðar enda af nógu að taka. Má þar m.a. nefna Áskorendaeinvígið Spassky–Hort 1977 og Marathon fjöltefli Horts í framhaldi af því; framboð Friðriks Ólafssonar til forseta FIDE 1978; kaup á nýjum höfuðstöðvum SÍ að Laugavegi 71 sama ár; Reykjavíkurskáknotin 1978 og 1980, sem voru lokuð stórmót. Í því fyrra voru notuð tvöföld tímamörk og stigagjöf líklega í fyrsta sinn held ég í heiminum; upphaf Skólaskákarinnar og skiptiheimsóknir barna við Collins Kids í New York með TR; endurskipulagning Deildakeppninnar þegar farið var að tefla undir einu þaki (í Munaðarnesi) í stað heima og að heiman og fleira.

Þá gegndi ég stöðu FIDE-fulltrúa fyrir Ísland meira og minna í 30 ár og sótti þá mörg FIDE-þing og eftirminnileg Ólympíumót víðsvegar um heim. Ennfremur má geta þess að ég var mjög virkur innan Skáksambands Norðurlanda, aðalritari þess í 10 ár (1981-1990) og síðar svæðisforseti FIDE fyrir Norðurlönd í 8 ár (1994 -2002). Mér er sérstaklega minnistætt þegar haldið var upp á 100 ára afmæli NSF í Tivoli 1999 með þátttöku Friðriks og Larsens, atburður sem ég tengdist.

Nefna má að ég gekkst fyrir tveimur millilandakeppnum í skák. Fyrst Norðurlönd-Bandaríkin 1987 (All Star Match) á 12 borðum og síðan Fjórveldaslagnum mikla 1990 (USA- USSR- ENGLAND-NORÐURLÖND á 10 borðum) með VISA International sem aðalstuðningsaðila og ekki má gleyma VISA Grand Prix keppninni og stigamótunum sem fylgdu í kjölfarið. Ég var alltaf þeirrar skoðunar að Norðurlöndin ættu að tefla meira saman út á við í stað þess að vera ævinlega að keppa innbyrðis.

Svo má ekki gleyma því að ég var reyndar kjörinn eins konar afleysingaforseti SÍ á ný eitt ár 1989-990 ef ég man rétt, þegar Þráinn Guðmundsson dró sig í hlé. Það er því vissulega margs að minnast sem nú er farið að fyrnast yfir.

Hverjir eru hvað eftirminnilegustu mennirnir sem þú hefur hitt eða unnið með?

Þarna er stórt spurt. Ætli að ég verði ekki bara að telja alla heimsmeistarana í skák upp fyrst. En svo vill til að ég hef orðið þeirrar ánægju aðnjótandi að hafa hitt alla heimsmeistarana í skák frá og með Dr. Max Euwe og kynnst sumum þeirra vel: þá Botvinnik; Petrosian; Smyslov; Tal; Spassky; Karpov; Kasparov; Kramnik og Anand. Bobby Fischer hitti ég í síðastan, úti í Japan þegar við fórum þangað nokkrir til að fá hann leystan úr haldi. Hann er líklega sá eftirminnilegasti af þeim öllum sem ég hef hitt og „starfað“ með, réttara sagt kannski að „starfað fyrir“ því þar réði „verði hans vilji“ för, ekki alltaf skynsemin eða það besta sem hægt var að gera í stöðunni.

Hverjir hafa verið þínir helstu og bestu samstarfsfélagar í gegnum tíðina?

Ég hef vissulega verið svo gæfusamur að hafa átt marga góða samstarfsmenn á hinum ýmsu tímum og sviðum sem ég er þakklátur fyrir. Við Högni Torfason vorum mjög nánir meðan hans naut við. Þá höfum við Guðfinnur Kjartansson alltaf náð vel saman og gerum enn. Svo var samvinna okkar Þráins heitins Guðmundssonar ávallt mikil og góð. Honum á Skáksambandið mikið að þakka.

Nú er mikið skákstarf meðal eldri borgara á höfuðborgarsvæðinu og segja má að þú hafir verið þar í fararbroddi ásamt Birgi Sigurðssyni og fleirum. Geturðu sagt mér frá sögu skákstarfs eldri borgara – hvernig þetta byrjaði allt saman?

Skáklúbbar eldri borgara hafa starfað í tæp 15 ár, Riddarinn var stofnaður 1998 af Grími Ársælssyni í skjóli Hafnarfjarðarkirkju og Skáklúbbur FEB nú Æsir

ári síðar. Þetta var eins konar samfélagslegt átak til að rjúfa einangrun aldraðra og gefa þeim kost á því að halda sér við andlega því heilabrot eru heilsubót, eins og ég hef áður komist að orði. 60 ára og eldri er auðvitað engin aldur og menn geta teflt sér til ánægju og yndisauka alveg fram að níræðu eða fram í andlátíð þess vegna.

Ég fór að tefla með Riddurunum og KR líka fyrir áeggjan Guðfinns, sem hefur verið minn örlagavaldur í svo mörgu, gerði mig m.a. að formanni Ísfirðingafélagsins í Reykjavík sem ég samþykkti með semingi þar sem við störfuðum saman í 12 ár. Margir okkar eldri borgara sem haldnir eru skákbakteríunni og þeim lúmska kvilla „skákástríðupersónuleikastreituröskun“, sem af henni leiðir, teflum nánast hvenær sem tækifæri gefst. Þannig tefla margir okkar oft í báðum þessum klúbbum og eins í KR og Gallery skák líka þegar svo ber við. Þetta er auðvitað hálfgerð bilun en þó heilsusamleg og skemmtileg.

Geturðu farið yfir hina vikulegu skákdagskrá hjá heldri skákmönnum?

Nú miðað við þá sem eru hvað verst haldnir af skákóþreyjunni og hafa ekkert þarfara að gera eða forgangsraða tíma sínum svona þá hefst skákvikan hjá KR í Frostaskjólí (13sx7mín) á mánudagskvöldum; síðan hjá Ásum í Ásgarði (10sx10mín) eftir hádegi á þriðjudögum; næst hjá í Riddaranum í Vonarhöfn (11sx10mín) á miðvikudagseftirmiðdögum og loks í Gallery Skák (11sx10mín) þegar degi hallar á fimmtudögum, 45 skákir á viku þegar best lætur - takk fyrir.

Hvaða skákmenn eru hvað virkastir og bestir á heldri manna senunni?

Þarna er maður nú kominn á hálán ís eina ferðina enn, en að öllum ólöstuðum þá ber að mínu mati Gunnar Kr. Gunnarsson, fyrrverandi Íslandsmeistari höfuð og herðar yfir aðra að meðaltali miðað við aldur og fyrri störf. Jóhann Örn Sigurjónsson og Jón G. Friðjónsson, sterkasti stigalaus skákmaður landsins, koma fast á hæla hans, þá má nefna, Þór Valtýsson, Jón Þ. Þór, Ingimar Halldórsson, Sigurð Herlufsen, Gunnar Birgisson, Ingimar Jónsson, Pál G. Jónsson, Þórarín Sigþórsson, Stefán Þormar Guðmundsson, Kristján Stefánsson og Guðfinn R. Kjartansson sem er hættur að koma sjálfum sér og öðrum á

óvart. Svo eru aðrir sterkir kallar sem tefla lítið í þessum hópum eins og Björn Þorsteinsson og Bragi Halldórsson og fleiri sem fáir standast snúning.

Mörg merkileg skákmót eru haldin hjá ykkur á hverju ári og þá ekki síst í Gallerý Skák, gætirðu sagt frá þeim helstu?

Hjá Riddaranum er það hið árlega skákmót kynslóðanna Æskan og Ellin, Kappteflin um SkákSeglið og SkákHörpuna, sem hæst ber. Hjá Gallerý Skák kappteflin eða mótaraðirnar um Patagóníusteininn og SkákKóng Friðriks, sem fer í hönd síðar í þessum mánuði. Í Stangarhylnum gangast Æsir fyrir Meistaramóti klúbbsins og fleirum slíkum, en hæst ber kannski hið árlega Toyota- mót, sem nú stýttist í. Svo hafa skáklúbbar eldri borgara Riddarinn og Æsir att kappi árlega á 20 borðum í svonefndum Rammaslag.

Nú hefur þú ásamt Guðmundi G. Þórarinssyni unnið mikið að kynningu á hinum leyndardómsfullu Lewis taflmönnum. Geturðu farið aðeins yfir það mál og ekki síst hvar það er statt í dag?

Kenning Guðmundar G. um mögulegan íslenskan uppruna þessara merku muna og gersema, sögualdartaflmannanna frá 12 öld er nú orðin þekkt um allan heim og komin inn í mörg helstu grundvallarrit um skák og á fræðilegar vefsíður. Skv. henni hafa þeir að öllum líkindum verið skornir út úr rostungstönnum í Skálholti af Margréti hinni högu í tíð Páls Jónsonar biskups milli 1190-1210. Svipmót taflmannanna bendir eindregið til þess að þeir séu af **íslenskum** uppruna, hrókarnir í berserkslíki og riddarinn á smáhesti og ekki hvað síst biskupinn, sem þar kemur til tafls í fyrsta skipti á skákborðinu svo vitað sé, sem bendir til þess að þeir séu gerðir á biskupsstóli. Auk þess sem bæði söguleg og málfræðileg rök og ýmsar vísbendingar hníga til þess að þeir séu gerðir á Íslandi. Þá hefur nýlegur fornleifafundur taflsmanns frá 12 öld á Siglunesi með sama svipmóti hleypt nýjum stoðum undir kenninguna, sem æ fleiri hallast að.

Nú er unnið að þriðju útgáfu aukins og endurbætts rits um kenninguna sem kemur út í þessum mánuði. Við funduðum einnig nýlega með hinum nýja vígslubiskupi í Skálholti sem hefur mikinn hug á að gera þessu máli betri skil á staðnum með því að merkja rústir hins gamla verkstæðis og fleira. Þá ræddum við einnig um að reyna að stuðla sameiginlega að því að efla fornleifarannsóknir þar á staðnum, hugsanlega með samevrópsku átaki, sem erlendir fræðimenn hafa hvatt til og telja afar mikilvægt vegna hinnar

Þýðingarmiklu sögu Skálholts í Norður-Evrópsku menningar samhengi. Það er aldrei að vita hvað dylst í rústum smiðjunnar og ruslahaugsins þar.

Hver er þinn uppáhaldsskákmaður, erlendur og íslenskur?

Vassili Smyslov að David Bronstein undanskyldum.

Jón L. Árnason að Friðrik Ólafssyni frátöldum.

Hver er þín uppáhaldsbyrjun? *Davíð 2 til Davíð 4.*

Hvað er framundan?

Á síðasta skákári tókst mér að brjóta 100 hausa múrinn, ná 102 höfuðleðrum, þar af tveimur á gamlársdag í afmælistóti Magnúsar Pé í Jóa Útherja. Bætti þar þar með eldra met mitt sem var að hafa unnið eða haldið jöfnu gegn 90 einstaklingum á einu ári.

Ég held ég setji markið ekkert hærra en það að ná svipuðum árangri aftur. En til þess að það sé hægt verð ég að sækja á ný mið að einhverju leiti, því oftast er maður að tefla við sömu andstæðingana.

Svo verð ég að hafa í huga það sem einn góðvinur minn sagði við mig einu sinni: „Þér fer ekkert aftur – leikur alltaf sömu afleikina“

Starfshópur um skákkennslu skipaður

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur skipað starfshóp undir forystu Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur, til að kanna kosti skákkennslu í grunnskólum m.a. með hliðsjón af innlendum og erlendum rannsóknum á áhrifum skákkennslu á námsárangur og félagslega færni barna og ungmenna. Hópurinn á einnig að kortleggja stöðu skákkennslu í grunnskólum á Íslandi. Hópin skipa kennarar, skákkennarar og skólastjórar.

Ný kennsluhefti í skák

Krakkaskák hóf í nóvember útgáfu kennslubókanna *Skák & mát*. Gula bókin er fyrst í röðinni og í henni eru æfingar fyrir byrjendur. Verkefnin fjalla um taflborðið og skákmennina og eru sett upp á einfaldan og skemmtilegan hátt. Lagt er upp með að skáknemendur vinni sig í gegnum bækurnar með leiðsögn kennara.

Gulu bókinni hefur verið mjög vel tekið og er komin í dreifingu til skóla og skákfélaga um allt Ísland. Næst í röðinni er Rauða bókin sem kom út um daginn og er þegar byrjuð að seljast vel. Í Rauðu bókinni er athyglinni beint að skákbyrjunum og hvernig best sé að rannsaka og æfa þær, ásamt taktískum æfingum.



Björn Þorfinnsson í just checking

Hver er upphalds liturinn þinn?

Það er að sjálfsögðu blár.

Hvaða mat meturðu hvað mest?

Ítölsk matargerð höfðar mest til mín en ég er einnig mikill áhugamaður um indverska og tælenska matargerð. Það er óþarfi að ræða heimagerðu hvítlauks naanbrauðin mín – þau eru sjúk. Upphaldshráefni væri íslenskt lambakjöt og humar!

Hvað ertu?

Ég er fyrst og fremst pabbi.

Hver er upphalds drykkurinn þinn?

Vatn, bjór og því miður kók.

Hver er fallegasta kona Íslands?

Það væri algjör fingurbrjótur að segja annað en Kristín Erla Jóhannsdótti, konan mín.

Hver er fallegasta skákkona heims?

Miðað við fyrirsætuferilinn þá myndi maður ætla að það væri Carmen Kass, fyrrverandi forseti eistneska skáksambandsins. Án hjálpar photoshop eða förðunarfræðinga er hinsvegar ekkert sérstaklega mikið að fréttu af þeim vígstöðvum þannig að ég verð að fylgja í fótspor kvennaljómans Hjörvars Steins og segja Tania Sachdev. Sopiko Guramishvili virðist þó geta skákað henni miðað við myndir en ég get ekki lagt mat á það fyrr en ég hef hitt hana í eigin persónu.

Svo að pólitískri rétthugsun sé haldið til haga þá er fallegasti skákmaðurinn klárlega stórmeistarinn Dusko Pavasovic.

Hver er upphalds rithöfundurinn þinn? Ég vildi að ég gæti sagt eitthvað menningarlegt eins og Murakami eða Gabriel Garcia Marquez. Ég verð hinsvegar að svara frá hjartanu og segja George R.R. Martin og J.K. Rowling.

Hver er áhugaverðasta bók sem þú hefur lesið?

Pass!

Hver er uppáhalds bíómyndin þín?

Það er LOTR-þrílógían, ég er ekki dýpri en það.

Hver uppáhalds sjónvarpsþátturinn þinn?

Það toppar náttúrulega ekkert Game of Thrones. Ef ég er að slökkva á heilanum þá horfi ég á Suits. Konan mín neyðir mig svo til að horfa á The Good Wife með sér. Ég hef einnig gaman að þáttunum The Walking Dead og Boardwalk Empire. Svo sakna ég þáttanna Band of Brothers og The Pacific.

Uppáhalds leikari?

Robert De Niro og Sigurður Þór Óskarsson.

Uppáhalds leikkona?

Marion Cotillard

Hvernig tónlist hlustarðu á?

Ég hlusta yfirleitt á mjög fjölbreytta tónlist en undanfarið þá er ég mest að hlusta á íslenska tónlist. Eins og er þá er ég með Retro Stefson blæti en það kom aðeins eftir að ég hafði eyðilagt diskinn hans Ásgeirs Trausta með ofhlustun. Svo er ég mikill aðdáandi Hjalma, Mugison og Sólstafa.

Hvert er besta mót ferilsins?

Atskáksmót Hróksins í Rimaskóla – það var eftirminnilegt að Bologan kallaði mig grísara! Í kappskák er það væntanlega Reykjavík Open 2008 þar sem ég rétt missti af GM áfanga og svo alþjóðlegt mót í Rúmeníu 2009 þar sem ég missti af GM-áfanga í tveimur umferðum í röð (maður er greinilega choker).

Hver er besta skák þín á ferlinum?

Ég vona innilega að ég eigi eftir að tefla hana.

Hver er uppáhalds skákmaðurinn þinn?

Magnus Carlsen og Simon Williams

Hvaða skákbók hefur haft mest áhrif á þig?

Ég hreinlega veit það ekki. Ég virðist aldrei læra neitt og geri sömu mistökin aftur og aftur.

Í hverju eru skákmenn sérstaklega góðir í?

Einbeitingu, rökhugsun og ákvarðanatöku í tímapressu

Áttu þér hjátrú varðandi taflmennsku?

Ég vil helst nota sama pennann þegar vel er að ganga en hinsvegar hef ég oft lent í því að týna penna þegar ég er á góðu skriði og þá er maður kominn í slæma stöðu!

Hvert er besta skáklandið í heiminum?

Rússland – Kínverjarnir og Indverjarnir eru hinsvegar að koma frá hlið.

Hver værirðu til í að vera ef þú værir ekki Björn Þorfinnsson?

Sonur Björns Þorfinnssonar.

Með hvaða þremur einstaklingum værirðu til í að fara út að borða með?

Capablanca, Mandela og Birni Pálssyni frá Löngumýri.

Er eitthvað sem þú langar svakalega mikið að læra eða kunna?

Spænsku, rússnesku, kínversku, kvikmyndatöku og leikstjórn, leiklist, gítarspil, grafíska hönnun, vefsíðugerð, forritun, fornleifafræði, sagnfræði, stjörnufræði og söng.

Hvað óttastu?

Að velferð barnanna minna sé ekki trygg.

Hvaða hlut myndirðu bjarga úr eldi?

Ef að börnin og konan eru komin út þá má allt hitt brenna fyrir mér.

Ætlarðu að gera son þinn að stórmeistara?


Hann mun læra undirstöðuatriðin og vonandi grípur hann þau fljótt og vel. Hinsvegar er stefnan sett á framherjastöðuna hjá Arsenal . Ég er hinsvegar viss um að dóttir mín gæti orðið stórmeistari.

Hver er besta setningin sem hefur verið sögð um skák?

Siegbert Tarrasch: Chess is mental torture. Það er hverju orði sannara.

Skákbraut vikunnar

Svartur mátar í þremur leikjum!



Þessi sérkennilega staða kom upp í skák þeirra Helmut Kaufmann og Constantin Schirowski á opnu skákmóti í Badenweiler árið 1985.

Hvítur var í síðasta leik að vekja upp drottningu á d8 og var orðinn nokkuð sigurviss. Hann gerði sér þó ekki fyllilega grein fyrir slæmri kóngsstöðu sinni en eins og við tökum eftir eru þeir fáu svörtu menn sem eftir eru á borðinu allir tilbúnir að herja að hvíta kóngnum. Svartur var ekki lengi að nýta sér þetta tækifæri.

46. ...Hh3+!

47. Kg2 f3+

48. Kf1 Hh1 mát